

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

KYNNING – MARS 2019

Verkefni aðgengis- og samráðsnefndar

- Mun fara með verkefni notendaráðs fatlaðs fólks og ferlinefndar
- Aðgengis- og samráðsnefnd mun m.a. fara með eftirfarandi verkefni:
 - a) Að allar byggingar í eigu Reykjavíkurborgar og annað húsnæði þar sem almenningur þarf að sækja þjónustu á vegum borgarinnar, svo og götur, gangstéttir og önnur opinber svæði í borgarlandinu, verði aðgengileg fötluðu fólki með mismunandi aðgengisþarfir. Aðgengis- og samráðsnefnd veitir árlega aðgengisviðurkenningu Reykjavíkurborgar.
 - b) Að gera fötluðu fólki kleift að hafa áhrif á skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík. Nefndin skal vera ráðgefandi fyrir þjónustuveitendur sem koma að þjónustu fyrir fatlað fólk í Reykjavík. Aðgengis- og samráðsnefndin kemur að stefnumótun er varðar þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík og hefur frumkvæði að samráði um þjónustu við fatlað fólk í borginni.

Skipan

- Aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkur í málefnum fatlaðs fólks er skipuð níu fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara.
- Öryrkjabandalag Íslands tilnefnir þrjá fulltrúa og þrjá til vara þ.a. að lágmarki einn aðila úr hópi fólks með geðfötlun og að lágmarki einn úr hópi fatlaðs fólks sem notar hjólastól að staðaldri.
- Þroskahjálp tilnefnir tvo fulltrúa og tvo til vara.
- NPA miðstöðin tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara. Allir fulltrúar hagsmunasamtaka skulu hafa búsetu í Reykjavík.
- Borgarstjórn kýs formann nefndarinnar en nefndin sjálf kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og borgarstjórnar.